



Fundur háskólaráðs 13. september 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 10.09.2001 10:08:50

Dags: 13.09.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

14/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 13. september var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagt fram bréf frá Úlfari Bragasyni, forstöðumanni Stofnunar Sigurðar Nordals, þar sem fram kemur að stofnunin samþykkir fyrir sitt leyti drögin að reglum um Stofnun Sigurðar Nordals. – Reglurnar samþykktar einróma.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Inn á fundinn komu Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs og Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs og kynntu drög að reglum um greiðslu fyrir stundakennslu við Háskóla Íslands. – Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá nýjum reglum um greiðslur fyrir stundakennslu við Háskóla Íslands.
- 2.2 Lagt fram minnisblað frá menntamálaráðherra um Vísindagarða við Háskóla Íslands.
- 2.3 Lögð fram gögn frá félagsvísindadeild vegna fyrirspurnar Ármanns Höskuldssonar á fundi háskólaráðs 6. september, sbr. lið 4.2 í fundargerð. – Samþykkt að óska eftir nánari gögnum um málið.
- 2.4 Lagt fram The Observatory Magna Charta Universitatum.
- 2.5 Lagður fram listi yfir fundi og verkefni háskólaráðs á haustmisseri 2001.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Erindi Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi húsnæði. Málinu frestað.
- 3.2 Höfundarréttur og einkaleyfi.
Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um hugverkaréttindi í háskóla- og rannsóknasamfélaginu og reglum Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss um réttindi vegna hagnýtingar hugverka. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum. – Samþykkt einróma að leggja málið fyrir deildir og stofnanir til umsagnar. Umsögnum verði skilað fyrir 1. nóvember nk.
- 3.3 Fækkun brautskráninga.
Rektor reifaði málið og voru ýmsir valkostir ræddir.
- 3.4 Endurskoðun kennslusamnings.
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, gerði grein fyrir helstu atriðum til athugunar í viðræðum Háskóla Íslands við menntamálaráðuneyti vegna endurskoðunar á samningi um fjármögnun kennslu.
Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum.

4. Önnur mál

4.1 Fyrirspurn vegna fundar háskólaráðs 16. október nk.

Árman Höskuldsson óskaði eftir því að í tengslum við umræðu um fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni á fundi ráðsins 16. október nk. verði eftirfarandi spurningum svarað:

1. Hvernig var staðið að fjármögnun stofnkostnaðar við Háskólasetrin á landsbyggðinni?
2. Hvernig er verkaskiptingu háttáð milli samstarfsaðila í Háskólasetrum á landsbyggðinni?
3. Hvernig er rekstrarkostnaði skipt milli samsarfsaðila Háskólasetra á landsbyggðinni?
4. Hvaða verkefnum hafa setrin unnið að og hver hefur fjármagnað þau?
5. Hver er launakostnaðurinn við setrin og hvernig er hann fjármagnaður?
6. Hver er framtíðarsýn rekstraraðila setranna og hvernig hyggjast rekstraraðilar standa að framtíðarfjármögnun þeirra?
7. Hvenær má búast við því að setrin tengist RH-neti?

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.25.